

# Reikningskilaráð ríkisins

13. Fundur – 8. nóvember 2017 kl. 09:00

## FUNDARGERÐ

### Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
  - Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
  - Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.
1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 12. fundar samþykkt.  
Þarf að senda bréf til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem skýrt er frá úrskurði reikningskilaráðs um að flokka beri Orkusjóð í A-hluta og Viðlagatryggingu Íslands í B-hluta í samræmi við álit efnahagshóps reikningskilaráðs sem fjallaði um málið.
  2. **Stofnefnahagur 2017, framhaldsumræða.** Fjársýslan skýrði frá þeirri vinnu sem fer nú fram hjá stofnuninni í tengslum við uppsetningu á stofnefnahagsreikningi hjá ríkisaðilum í A-hluta. Þar kom fram að ekki liggja fyrir ýmsar ákvarðanir af hálfu stjórnvalda um hvernig beri að taka á vissum þáttum, svo sem varðandi áfallið orlof, niðufellingu bundins eiginfjár o.fl. Fram kom að unnið er að þessum málum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og niðustaða að vænta á næstu vikum. Stefnt er að því að allir stofnefnahagsreikningar 2017 liggi fyrir í desember.
  3. **Reikningskilastaðlar, framhaldsumræða.** Farið yfir gögn sem Fjársýslan sendi út fyrir fundinn. Umræða fór fram um hvaða staðlar eru taldir eiga við hér á landi, hverjir ekki ead verða innleiddir að hluta. Samkvæmt stöðlunum er heimilt að innleiða þá á 3 árum. Ekki er vafi á því að full þörf er á að nýta þá heimild til að þróa reikningskilin að þeim kröfum sem þeir fela í sér. Ríkisreikningur 2017 mun endurspeгла fyrsta áfangann á þeirri braut.
  4. **Fjárfestingar í fjárlögum, kynning.** Farið var yfir hugmyndir af breyttu fyrirkomulagi fjárfestinga í framsetingu á fjárlaga. Verkefnisstjórn LOF mun fjalla um málið á næstunni og verður ákvörðun hennar kynnt reikningskilaráði á næsta fundi.
  5. **Önnur mál.** Á næsta fundi ráðsins verður fyrirhuguð tímalína innleiðingar kynnt af Fjársýslunni og hún rædd.  
Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30